

Borgarbyggð  
Digranesgötu 2  
310 Borgarnes

Reykjavík, 9. ágúst 2024  
UST202406-233/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Sigmundarstaðir - Mælimastur á Grjóthálsi - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir mælimastur á Grjóthálsi.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin er innan jarðar Sigmundarstaða, þar sem áætlað er að reisa tímabundið mælimastur til vindrannsóknna. Mastrið sem um ræðir er stálgrindarmastur, þríhyrnt með 48 cm breiðum hliðum, allt að 98 m hátt með stögum sem ná allt að 60 m út frá mastrinu. Auk þess kemur fram að áætlað er að mastrið standi í 2 ár.

Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdin geti haft áhrif á ásjón og landslag, gróðurfar, jarðfræði, flugumferð, votlendi og fuglalíf.

### Fuglalíf og mótvægisáðgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og sem er með mjög hátt og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerð sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Í greinargerð segir að niðurstöður um mögulegt áflug á vindmyllur gefa til kynna að í fleiri en helmingi tilfella yrði um heiðlóur að ræða og gert er ráð fyrir að áflugshætta á veðurmastur sé mun minni en á vindmyllur, þar sem það er grennra, lægra og hefur ekki spaða á hreyfingu, og eru áhrif því talin óveruleg á fuglalíf.

Umhverfisstofnun bendir á að heiðlóa er friðuð samkvæmt lögum [nr. 64/1994](#) um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> <https://www.ni.is/is/biota/animalia/chordata/aves/charadriiformes/heidloa-pluvialis-apricaria>

Umhverfisstofnun telur að þar sem mastrið mun hafa áhrif á fuglalíf þurfi að taka fram hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á fuglalíf.

### **Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í tillögunni kemur fram að bráðabirgðavegur fari í gegnum votlendið og mun því raska því, en óljóst er miðað við hvaða gögn unnið er eftir til að afmarka votlendið á uppdrætti.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að fyrir er línuvegur sem liggur að rafmagnsmastri sem ætti að nota í stað þess að leggja nýjan veg.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

**teymisstjóri**